

Alþingi
00 201

Ársreikningur 2024

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum	6
Starfspáttayfirlit	7
Skýringar	8

Alþingi

kt. 420169-3889

Kirkjustræti, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Alþingi er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs. Samkvæmt stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands fer Alþingi með löggjafarvaldið ásamt forseta Íslands. Meginverkefni Alþingis er lagasetning en þingið fer einnig með viðamiklu eftirlitshlutverk.

Starfsemin fellur undir málefnasvið 01 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2024 var ársveltan kr. 4.957,6 milljónir og afkoma kr. 48,3 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 228,3 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 1.025,4 milljónir.

Starfsemin á árinu 2024 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2024. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2024 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Alþingis fyrir árið 2024 með rafrænni undirritun sinni.

Ragna Árnadóttir,
skrifstofustjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2024

	Skýr	2024	2023
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	4.840.100.000	4.671.200.000
Seld þjónusta	3	26.569.042	27.917.222
Framlög og ýmsar tekjur	4	46.967.322	11.234.486
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	43.964.960	39.396.935
Tekjur samtals		4.957.601.324	4.749.748.643
Gjöld			
Framlög og tilfærslur	5	131.728.098	133.273.656
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	6	3.777.589.126	3.726.678.520
Annar rekstrarkostnaður	7	956.382.621	1.015.568.019
Afskriftir og niðurfærslur	8	43.964.960	39.396.935
Gjöld samtals		4.909.664.805	4.914.917.130
Afkoma fyrir fjármagnsliði		47.936.519	(165.168.487)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	9	1.051.400	1.480.511
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	10	(665.458)	(1.151.600)
		385.942	328.911
Afkoma ársins		48.322.461	(164.839.576)
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	52.650.559	(162.765.920)
Rekstrartilfærslur		(4.328.098)	(2.073.656)
		48.322.461	(164.839.576)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr	31.12.2024	31.12.2023
Eignir			
Handbært fé	11	152.864.650	122.506.435
Viðskiptakröfur		8.507.856	13.684.232
Tengdir aðilar	12	335.147.667	333.410.717
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	13	7.980.569	11.061.071
Eignarhlutir í öðrum félögum	14	229.110	229.110
Varanlegir rekstrarfjármunir	15	185.334.611	157.525.587
Óefnislegar eignir	16	335.343.859	285.776.234
Eignir samtals		1.025.408.322	924.193.386
Skuldir			
Tengdir aðilar	12	5.961.506	6.570.926
Viðskiptaskuldir		64.256.279	47.083.886
Ýmsar skammtímaskuldir	17	205.579.160	195.512.304
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	18	521.274.605	497.085.615
Skuldir samtals		797.071.550	746.252.731
Eignir samtals að fráðregnum skuldum samtals		228.336.772	177.940.655
Eigið fé	19		
Hrein eign		228.336.772	177.940.655
Eigið fé samtals		228.336.772	177.940.655
Eigið fé og skuldir samtals		1.025.408.322	924.193.386
Aðrar upplýsingar	20		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2024

	Skýr	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		48.322.461	(164.839.576)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	8	43.964.960	39.396.935
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(43.964.960)	(39.396.935)
		48.322.461	(164.839.576)
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		8.256.878	(9.704.888)
Tengdir aðilar		(53.460.373)	(53.555.036)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		27.239.249	(7.841.283)
		(17.964.246)	(71.101.207)
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		30.358.215	(235.940.783)
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð óefnislegra eigna, verk í vinnslu		(53.630.649)	0
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	15	(67.710.960)	(101.944.673)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna, verk í vinnslu		0	(57.196.619)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		1.653.950	15.516.605
		(119.687.659)	(143.624.687)
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		53.187.659	0
Fjárfestingarframlag		66.500.000	150.922.763
		119.687.659	150.922.763
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		30.358.215	(228.642.707)
Handbært fé í byrjun árs		122.506.435	351.149.142
Handbært fé í árslok		152.864.650	122.506.435

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2024	4.610.000.000	127.400.000	0	66.500.000	4.803.900.000
Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum	4.610.000.000	127.400.000	0	66.500.000	4.803.900.000
Millifærslur og aðrar breytingar fjárheimilda					
Launabætur	102.700.000	0	0	0	102.700.000
Fjárveiting ársins	4.712.700.000	127.400.000	0	66.500.000	4.906.600.000
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2023, (umframráðstafað)	179.922.311	(2.073.656)	0	53.783.794	231.632.449
Breyting fjárveitinga skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins ..	0	2.073.656	0	0	2.073.656
Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu	4.892.622.311	127.400.000	0	120.283.794	5.140.306.105
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum	(4.660.049.441)	(131.728.098)	0	(119.687.659)	(4.911.465.198)
Staða fjárveitinga í lok árs 2024	232.572.870	(4.328.098)	0	596.135	228.840.907

Starfsþáttayfirlit um afkomu ársins 2024, fjárveitingar, breytingar þeirra og stöðu

	Alþingis- kostnaður 00 201 101	Framlög til þingflokka 00 201 102	Almennur rekstur 00 201 106	Tæki og búnaður 00 201 601	Samtals 2024
	Málefna svið - málaflokkur				
	01 10	01 10	01 10	01 10	
Tekjur					
Tekjufærsla fjárveitinga	2.304.200.000	103.900.000	2.432.000.000	0	4.840.100.000
Seld þjónusta	1.379.005	0	25.190.037	0	26.569.042
Framlög og ýmsar tekjur	10.423.285	0	36.544.037	0	46.967.322
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrir ára	0	0	0	43.964.960	43.964.960
Tekjur samtals	2.316.002.290	103.900.000	2.493.734.074	43.964.960	4.957.601.324
Gjöld					
Tilfærslur	7.193.223	95.353.948	29.180.927	0	131.728.098
Laun og launatengd gjöld	2.075.545.131	8.441.552	1.693.602.443	0	3.777.589.126
Annar rekstrarkostnaður	364.979.927	104.500	591.298.194	0	956.382.621
Afskriftir	0	0	0	43.964.960	43.964.960
Gjöld samtals	2.447.718.281	103.900.000	2.314.081.564	43.964.960	4.909.664.805
Afkoma fyrir fjármagnsliði	(131.715.991)	0	179.652.510	0	47.936.519
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)					
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	0	0	1.051.400	0	1.051.400
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	(29)	0	(665.429)	0	(665.458)
	(29)	0	385.971	0	385.942
Afkoma ársins	(131.716.020)	0	180.038.481	0	48.322.461
Afkoma ársins skipt eftir fjárheimildaliðum					
Rekstur	(124.522.797)	(5.746.052)	182.919.408	0	52.650.559
Rekstrartilfærslur	(7.193.223)	5.746.052	(2.880.927)	0	(4.328.098)
	(131.716.020)	0	180.038.481	0	48.322.461
Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok aðrar en vegna fjárfestinga:					
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum	2.256.400.000	103.900.000	2.377.100.000	0	4.737.400.000
Launbætur	47.800.000	0	54.900.000	0	102.700.000
Fjárveiting til tekna	2.304.200.000	103.900.000	2.432.000.000	0	4.840.100.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(2.435.916.020)	(103.900.000)	(2.251.961.519)	0	(4.791.777.539)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(131.716.020)	0	180.038.481	0	48.322.461
Staða fjárveitinga 2023 í lok þess árs	(122.482.728)	(3.898.684)	306.303.723	0	179.922.311
Staða fjárveitinga skipt eftir fjárheimildaliðum					
Rekstur	(247.005.525)	(9.644.736)	489.223.131	0	232.572.870
Rekstrartilfærslur	(7.193.223)	5.746.052	(2.880.927)	0	(4.328.098)
	(254.198.748)	(3.898.684)	486.342.204	0	228.244.772
Fjárfestingar					
Fjárveiting ársins skv. fjárlögum	0	0	0	66.500.000	66.500.000
Fjárfesting á árinu	0	0	0	(121.341.609)	(121.341.609)
Sala fastafjármuna	0	0	0	1.653.950	1.653.950
Staða fjárfestingafjárveitingar	0	0	0	(53.187.659)	(53.187.659)
Staða fjárfestinga 2023 í lok þess árs	60.323.732	0	(29.081.625)	22.541.687	53.783.794
Staða fjárfestingarheimilda í árslok 2024	60.323.732	0	(29.081.625)	(30.645.972)	596.135

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti starfsþáttayfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisýrðun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisýrðunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbinding sé um virðisýrðun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisýrðunartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: úppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- úppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Skýringar

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

Starfsþáttayfirlit

Þegar starfsemi stofnunar nær yfir fleiri en eitt fjárlagaviðfang, málefnasvið eða málaflokk er aðgreining fjárlagaviðfang, málefnasviða og málaflokka birt í starfsþáttayfirliti. Það nær til yfirlits um afkomu og greininga fjárveitinga ársins, breytinga þeirra á árinu og stöðu í árslok.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2024	2023
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	4.840.100.000	4.671.200.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	43.964.960	39.396.935
	4.884.064.960	4.710.596.935

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	4.610.000.000	127.400.000	0	4.737.400.000
Launabætur	102.700.000	0	0	102.700.000
Fjárveiting til tekna	4.712.700.000	127.400.000	0	4.840.100.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ..	(4.660.049.441)	(131.728.098)	0	(4.791.777.539)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	52.650.559	(4.328.098)	0	48.322.461

	2024	2023
3 Seld þjónusta		
Veitingaþjónusta	26.569.042	27.917.222
	26.569.042	27.917.222

4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur	1.545.000	1.605.000
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	9.000.000	0
Ýmsar tekjur	36.422.322	9.629.486
	46.967.322	11.234.486

5 Framlög og tilfærslur

Rekstrartilfærslur aðrir	131.728.098	133.273.656
	131.728.098	133.273.656

6 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	3.043.977.575	3.032.407.135
Orlof, breyting	13.492.935	(7.479.951)
Önnur launagjöld, ótalin annars staðar	15.589.696	13.534.879
Launatengd gjöld	673.913.159	660.189.564
Starfsmannakostnaður	30.615.761	28.026.893
	3.777.589.126	3.726.678.520
Meðalfjöldi stöðugilda	195,0	201,9

Skýringar

	2024	2023
7 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	5.844.767	6.289.238
Byggingarvörur, almennar	70.403	736.350
Ýmis tæki og áhöld	32.015.529	17.968.031
Varahlutir og viðhaldsvörur	159.907	0
Orkugjafar	55.323.670	30.537.421
Matvæli	46.892.013	42.073.753
Almennar rekstrarvörur	19.633.345	12.268.857
Vörukaup, almenn	159.939.634	109.873.650
Kennslu- og föndurvörur	1.308.596	342.140
Ýmsar sérgreindar vörur	431.139	827.120
Vörukaup, sérgreind	1.739.735	1.169.260
Fundir, námskeið, risna	50.185.817	71.559.236
Ferðir, uppihald	126.278.375	149.097.009
Akstur	46.202.338	45.971.357
Sérfræðipjónusta	127.018.018	72.802.663
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	176.420	161.878
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	6.776.478	7.271.609
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	12.260.914	11.821.309
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	368.898.360	358.685.061
Samningsbundin kaup og leiga	124.294	46.300
Afnotagjöld	41.317.067	37.536.576
Leigugjöld	138.747.936	296.566.077
Notkun véla og flutningatækja	26.262.311	18.269.432
Verkkaup	127.582.426	112.802.265
Kostnaðarhlutdeild	409.051	2.288.175
Áhættutap og bætur	759.584	1.607.736
Tryggingar, lögboðnar	4.658.127	4.095.527
Opinber gjöld	91.097.046	78.362.706
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	430.957.842	551.574.794
Hlutdeild annarra í kostnaði	(5.152.950)	(5.734.746)
Annar rekstrarkostnaður samtals	956.382.621	1.015.568.019
8 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	36.021.281	28.537.224
Farartæki og vélar	3.450.220	3.376.027
Sölutap og úreltar eignir	430.435	3.420.661
Niðurfærsla óefnislegra eigna	4.063.024	4.063.023
	43.964.960	39.396.935

Skýringar

	2024	2023
9 Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		
Ýmsar fjármunatekjur	2.022	2.458
Gengishagnaður, verðbreytingar	39.960	143.707
Arðgreiðslur	1.009.418	1.334.346
	<u>1.051.400</u>	<u>1.480.511</u>
10 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		
Fjármagnskostnaður	17.419	8
Dráttarvextir	402.527	88.244
Gengistap, verðbreytingar	245.512	1.063.348
	<u>665.458</u>	<u>1.151.600</u>
	31.12.2024	31.12.2023
11 Handbært fé		
Tékkareikningar	152.864.650	122.506.435
	<u>152.864.650</u>	<u>122.506.435</u>
12 Tengdir aðilar		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	333.956.042	333.406.817
Aðrir ríkisaðilar	1.191.625	3.900
	<u>335.147.667</u>	<u>333.410.717</u>
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila	5.961.506	6.570.926
	<u>5.961.506</u>	<u>6.570.926</u>
13 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		
Fyrirframgreiddur kostnaður	1.954.882	5.562.245
Skattar	6.025.687	5.498.826
	<u>7.980.569</u>	<u>11.061.071</u>
14 Eignarhlutir í öðrum félögum		
	Eignarhlutur	Nafnverð
<u>Eignarhlutir ríkissjóðs yfir 20% (hlutdeildaraðferð):</u>		
Internet á Íslandi ehf.	1%	229.110
		<u>229.110</u>

Eignarhlutir í öðrum félögum eru metnir með hlutdeildaraðferð ef eignarhlutur ríkissjóðs í heild er yfir 20% annars eru þeir metnir á kostnaðarverði. Metið virði eignarhluta í sjálfseignarstofnunum er 0 kr. ef framlög til þeirra renna ekki til ríkisins eða stofnana þess við slit, heldur til annarra málefna en annars á kostnaðarverði.

Skýringar

	31.12.2024	31.12.2023
15 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	158.190.608	128.731.364
Farartæki og vélar	17.244.003	20.694.223
Aðrar eignir	9.900.000	8.100.000
	<u>185.334.611</u>	<u>157.525.587</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2024:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Fasteignir	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2024	257.472.767	27.601.762	0	8.100.000	293.174.529
Viðbætur á árinu	65.910.960	0	0	1.800.000	67.710.960
Selt/úreitt á árinu	(1.354.751)	0	0	0	(1.354.751)
	<u>322.028.976</u>	<u>27.601.762</u>	<u>0</u>	<u>9.900.000</u>	<u>359.530.738</u>
Afskriftir 01.01.2024	128.741.403	6.907.539	0	0	135.648.942
Afskrift ársins	36.021.281	3.450.220	0	0	39.471.501
Selt/úreitt á árinu	(924.316)	0	0	0	(924.316)
	<u>163.838.368</u>	<u>10.357.759</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>174.196.127</u>
Staða 31.12.2024	<u>158.190.608</u>	<u>17.244.003</u>	<u>0</u>	<u>9.900.000</u>	<u>185.334.611</u>

	31.12.2024	31.12.2023
16 Óefnislegar eignir		
Óefnislegar eignir	1.736.000	5.799.024
Verk í vinnslu, óefnislegar eignir.....	333.607.859	279.977.210
	<u>335.343.859</u>	<u>285.776.234</u>

Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2024:

	Hugbúnaður
Stofnverð 01.01.2024	20.315.116
	<u>20.315.116</u>
Niðurfært 01.01.2024	14.516.092
Niðurfærsla ársins	4.063.024
	<u>18.579.116</u>
Staða 31.12.2024	<u>1.736.000</u>

	31.12.2024	31.12.2023
17 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	200.022.190	186.529.257
Önnur ógreidd gjöld	5.556.970	8.983.047
	<u>205.579.160</u>	<u>195.512.304</u>

Skýringar

18 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2024	31.12.2023
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	520.678.470	443.301.821
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umfamráðstafað)	596.135	53.783.794
	521.274.605	497.085.615

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2024	443.301.821	53.783.794	497.085.615
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	66.500.000	66.500.000
Áhrif seldra eigna	0	1.653.950	1.653.950
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	67.710.960	(67.710.960)	0
Fjárfesting í óefnislegum eignum, verk í vinnslu	53.630.649	(53.630.649)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(43.964.960)	0	(43.964.960)
	520.678.470	596.135	521.274.605

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2024 munu kr. 39,8 milljónir koma til tekna á árinu 2025.

19 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2024	31.12.2023
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	177.940.655	384.308.679
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	2.073.656	(41.528.448)
Afkoma ársins	48.322.461	(164.839.576)
Jöfnuður 31.12.	228.336.772	177.940.655

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

20 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði, ýmsa rekstrar- og þjónustusamninga og einnig styrktar- og samstarfssamninga. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema um 27,0 millj. kr., vegna rekstrar- og þjónustusamninga um 72,0 millj. kr. og vegna styrktar- og samstarfssamning um 35,0 millj. kr.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum í árslok 2024.

Veittar ábyrgðir

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.